

Greinargerð 8. ágúst 2016

Efni: Kaup á tveimur hlutum Trönuhrauns 1 í Hafnarfirði

Fyrirtækið North Investment ehf. fjárfesti í Trönuhrauni 1 í byrjun árs 2016. Upphaflegt markmið var að setja þar upp gistiheimili. Eftir ferli með öðrum eigengum húsnæðis þá var fallið frá því þar sem aðrir eigendur samþykktu ekki að þarna yrði rekið gistiheimili þrátt fyrir að markmið North Investment var að reka þar flott gistiheimili og leggja metnað sinn í að gera það vel í sátt við aðra eigendur. Enda hentar slík starfsemi vel inn í slíkt húsnæði þar sem ferðamenn koma yfirleitt bara inn á herbergi á kvöldin þegar önnur starfsemi í húsnæðinu er ekki í gangi. Þar sem ekki fékkst leyfi að setja brunastiga utan á húsnæðið var fallið alfarið frá þessu.

Þá var ákveðið að leigja út skrifstofur og gera það líka af fullum metnaði. Til þess þarf í dag að bjóða upp á sturtur og salerni sem duga fyrir þann hóp sem um ræðir. Félagið vill bjóða upp á mjög góða aðstöðu til að auka líkur á góðum leigendum, s.s. læknum, nuddurum og önnur heilsutengd starfsemi og hefðbundnar skrifstofur fyrir félög. Fékk félagið mat á þeim breytingum sem gera þurfti og var það mat allra hlutaðeigandi ráðgjafa sem félagið leitaði til að þessar breytingar myndu falla undir grein 2.3.5 í byggingareglugerð og vera undanþegin byggingarleyfi enda einungis um færslu á milliveggjum sem ekki voru burðarveggir og breytingar á votrými sem teljast svo sannarlega óverulegar samanber meðfylgjandi minnisblað frá lagnahönnuði og teikningum sem skilað hefur verið til Hafnarfjarðarbæjar.

Það er einlæg von okkar að með þessari greinargerð, meðfylgjandi minnisblaði og þeim teikningum sem skilað hefur verið inn að framkvæmdastöðvun sé með fullu tekin til baka og að félagið geti klárað húsnæðið og komið því í leigu og lágmarkað það tjón sem félagið hefur orðið fyrir.

Virðingarfyllt,

Guðjón Pétur Lýðsson

Kári Ársælsson,

Brynja Guðmundsdóttir.